

Mánudaginn 6. nóvember 1989.

Nr. 105/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurjóni Péturssyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Þjófnaður. Skilorðsrof. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu. Einn hinna meðákærðu í héraði var sýknaður af kröfum ákærvalds, og er málinu ekki áfrýjað, að því er hann varðar. Aðrir meðákærðu una héraðsdómi.

Framburður ákærða fyrir sakadómi og önnur gögn, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, eru með þeim hætti, að ekki er varhuga-vert að telja sannað, að ákærði hafi farið að versluninni Drífu aðfaranótt 8. febrúar 1988 og að þá nótt hafi verið framinn þar þjófnaður. Fullyrðingar ákærða fyrir sakadómi um, að hann hafi ekki átt neinn hlut að þjófnaðinum þrátt fyrir ferðina að versluninni, eru með slíkum ólíkindum, að leggja ber til grundvallar dómi játningar ákærða hjá lögreglu með hliðsjón af skýrslu hans í dómi og öðrum málgögnum. Verður sakarmat héraðsdómara staðfest.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudag 22. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 707-711/1988: Ákærvaldið gegn A, B, C, Sigurjóni Péturssyni og D, sem dómtekið er í dag.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali, dagsettu 16. maí sl., á hendur ákærðu A, B, C og Sigurjóni Péturssyni, Engjaseli 72 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot í febrúar 1988:

„I. Ákærðu C og Sigurjóni er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánu dags 8. febrúar brotist inn í verslunina Drífu, Hlíðarvegi 53, Kópavogi, og stolið þar um 419 vindlingapökkum, fjórum búntum af svonefndum lukkutríósmiðum, sjö kveikjurum, ellefu spjöldum með kveikjarasteinum og um 13.000,00 krónum.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Málavextir.

I. Sunnudagskvöldið 7. febrúar eða aðfaranótt mánudagsins var brotist inn í verslunina Drífu, Hlíðarvegi í Kópavogi og stolið vindlingum, happdrættismiðum, kveikjurum og kveikjarasteinum auk peninga. Ákærðu C og Sigurjón neituðu í upphafi að hafa komið nærri þjófnaðinum. Ákærði Sigurjón viðurkenndi undir rannsókn málsins hjá lögreglu að hafa farið inn í einhverja verslun með C og stolið tóbaki, á. a.g. 70 vindlingalengjum og einhverju fleira. Hefðu þeir verið að koma sunnan með sjó í bifreið C, og hefði C stungið upp á því að brjótast þarna inn. C hefði sagt sér, að hann hefði stolið þarna einhverju af peningum. Hefðu þeir farið með fenginn heim til ákærða og B[...]. Þar sofnaði ákærði. Þegar hann vaknaði, voru B og C á bak og burt, og hélt ákærði sig heima allan daginn.

Hér fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hefði farið með C suður í Njarðvík til þess að kaupa bifreið. Hefði hann fengið þar nokkrar pillur af lyfinu „artani“. Þar að auki hefði hann verið búinn að neyta amfetamíns og áfengis dagana á undan. Kvaðst hann lítið muna af atburðum næturinnar af þessum sökum og eiginlega ekkert muna eftir sér, fyrr en hann vaknaði heima hjá sér í Engjaseli daginn eftir. Kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa ekið bifreið C þessa nótt (sbr. hér á eftir).

Ákærði kvað framburð sinn hjá lögreglu vera réttan a.ö.l. en því, að hann hefði ekki farið inn í verslunina, eins og hann sagði þar. Kvaðst ákærði ekki treysta sér til að muna, hvort C fór inn heldur. Þá kvaðst

ákærði ekki heldur geta fullyrt, hvort varningurinn, sem ákært er fyrir, hafi verið tekinn í versluninni. Loks neitaði ákærði því að hafa brotist inn í verslunina Drífu og stolið þar varningi.

Ákærði C hefur frá upphafi neitað því að hafa átt þátt í að brjótast inn og stela úr versluninni. Þeir Sigurjón hefðu verið að koma sunnan úr Njarðvíkum í bifreið ákærða. Ekkert hefði verið rætt um það á leiðinni að brjótast inn neins staðar. Kveðst ákærði hafa ekið að heimili sínu í [...] Kópavogi og lánað meðákærða bifreiðina í klukkutíma. Kveðst ákærði hafa beðið inni á salerni á jarðhæð hússins eftir meðákærða, en ekki hætt á að fara upp til sín, því að kona sín kynni að vera heima. Eftir að ákærði hafði beðið þó nokkurn tíma þarna, e.t.v. tvær klukkustundir, hefði Sigurjón komið, og var hann ekki á bifreiðinni og virtist miður sín. Sagði hann, að bifreiðin hefði orðið bensínlaus, og fóru þeir á bensínstöð, sem verið var að opna um morguninn, og keyptu bensín á brúsa, sem þeir settu á bifreiðina, en hún hafi staðið í götu niður af Digranesvegi. Ákærði ók upp á Digranesveg eftir tilvísun Sigurjóns og nam þar staðar. Þeir hefðu farið að leita að svörtum sorppokum, sem Sigurjón hefði sagt, að ættu að vera þar í grennd, og hefði Sigurjón fundið þá eftir um stundarfjórðung. Hefði ákærði bakkað að pokunum og þeir sett þá í skottið. Hann hefði einnig sótt hvítan plastpoka með smámynt. Sigurjón hefði sagt, að hann hefði verið að innheimta skuldir og fengið þær greiddar með dótinu í pokunum. Að þessu loknu hefðu þeir farið í Engjasel 72 og farið inn með peningana. Hefði það verið með smámynt, en nokkrir seðlar, alls 10 - 13.000,00 krónur. Sigurjón hefði sofnað, en þau B farið í Búnaðarbankann við Hlemm og B skipt þar smámyntinni, en svo hefðu þau selt 10 eða 12 lengjur af vindlingum. Hefði hann litið svo á, að hann hefði fengið þetta að láni hjá Sigurjóni, en Sigurjón hefði reiddst sér mjög fyrir þetta.

Ákærði kveður Sigurjón hafa verið búinn að neyta lyfsins artans, sem sé geðlyf og valdi ofskynjunum. Hafi hann byrjað að taka lyfið daginn áður og verið orðinn ruglaður.

Ákærða B hefur skýrt frá því, að hún hafi verið heima sunnudagskvöldið og farið að sofa um kl. 9, og hefði meðákærði Sigurjón, sem þá bjó með ákærðu, einnig verið heima. Þegar ákærða vaknaði, var hún ein heima. Skömmu seinna hafi þeir meðákærðu C og Sigurjón komið heim. Þeim ákærðu og Sigurjóni, sambýlismanni sínum, hefði orðið sundurorða vegna fjarveru hans. Sigurjón hefði sofnað fljótlega og C þá boðið ákærðu í ökuferð um bæinn. Ákærða kveðst hafa séð talsvert af tóbaki í bifreiðinni. Ákærða kveðst einskis hafa spurt um tóbakið og ekkert hafa myndað sér skoðun á því, hvort það væri illa fengið eða ekki. Ákærða kveðst hafa selt tvö „karton“ í einhverri „sjoppu“ og þau Sigurður notað andvirðið í eigin þágu. Hefðu einungis verið seld þessi tvö karton. Ákærða kannast

við að hafa skipt nokkru af smámynt í Búnaðarbankanum á Hlemmi. Kveðst ákærða hafa verið búin að fjarlægja umbúðir utan af smámyntinni og setja hana í krukku. Hefur ákærða gefið þá skýringu á þessu, að sér hafi fundist fara betur á því að hafa myntina í krukku. Kveðst ákærða ekki hafa leitt hugann að því, að smámyntin gæti verið illa fengin. Ákærða kveðst hafa verið illa fyrirkölluð eftir áfengis- og lyfjaneyslu undanfarna fjóra daga, þegar þetta varð. Kveðst ákærða hafa vitað, að þeir C og Sigurjón hefðu hlotið þunga fangelsisdóma fyrir auðgunarbrot. Ákærða kveður minni sitt frá þessum tíma vera óáreiðanlegt vegna áfengis- og lyfjaneyslu.

Ákærða kveður Sigurjón hafa reiðst C mjög fyrir að hafa stolið frá sér tóbakinu og selt það.

Við hútleit, sem gerð var í Engjaseli 72 þriðjudaginn 9. febrúar, fundust einn pakki af lukkutríósmiðum, nokkrir vindlingapakkar og dálítið af smámynt, að mestu innþökkuð í stauka, og við leit í bifreið ákærða C sama dag fannst m.a. svartur plastpoki með 20 lengjum af vindlingum, 16 lausir pakkar og 3 pakkar af lukkutríósmiðum. Tveimur dögum síðar fundust í annarri bifreið ákærða Sigurðar 10 lengjur og 103 lausir pakkar af vindlingum, fjórir kveikjarar, pakki af lukkutríósmiðum og ellefu spjöld af kveikjarasteinum.

Þorsteinn Guðbergsson kaupmaður saknaði upphaflega 26 kartona af vindlingum úr versluninni, um 15.000,00 króna í peningum og átta pakka af lukkutríósmiðum. Síðar kannaðist hann við kveikjarana og kveikjarasteinana, sem fundust hjá ákærðu, og taldi, að þeim hefði verið stolið frá sér. Taldi hann víst, að varningurinn, sem fannst í bifreiðum ákærða C og í Engjaseli 72 væri úr verslun sinni.

Telja verður sannað með játningu ákærða Sigurjóns hjá lögreglu, sem studd er gögnum málsins, að hann hafi farið inn í verslunina Drífu við Digranesveg í Kópavogi sunnudagskvöldið eða aðfaranótt mánudagsins 8. febrúar og stolið þar 26 lengjum af vindlingum, 13.000,00 krónum í peningum, fjórum þökkum af happdrættismiðum, fjórum vindlingakveikjurum og ellefu spjöldum af kveikjarasteinum. Skiptir ekki máli, þótt ákærði hafi að nokkru leyti fallið frá játningunni hér fyrir dóminum. Ekki þykir óhætt að fullyrða, að allir þeir vindlingar, sem fundust hjá ákærðu, séu úr Drífu, og enn fremur er ósannað, að kveikjararnir hafi verið fleiri en fjórir talsins.

Enda þótt líkur séu til þess, að ákærði C hafi verið með ákærða Sigurjóni í þjófnaðinum, þykir gegn neitun hans óvarlegt að telja það sannað. Eins og ákæru er hagað, er ekki unnt að sakfella ákærða fyrir hylmingu eftir þjófnað þennan.

— — —

Ákærði Sigurjón hefur til þessa verið dæmdur sjö sinnum í fangelsi, samtals í þrjú ár og þrjá mánuði, fyrir hegningarlagaþrot. Hinn 22. júlí 1986 var ákærða veitt reynslulausn af 18 mánuðum óafplánaðrar refsingar í tvö ár. Réttarrannsókn gegn ákærða hófst 10. febrúar sl., og ber samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga að taka upp reynslulausn og dæma hana með refsingu ákærða nú. Þykir refsing ákærða vera þannig hæflega ákveðin fangelsi tvö ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 10. til 18. febrúar 1988, samtals fulla 9 daga.

Dæma ber ríkissjóð til þess að greiða skipuðum verjanda ákærða C, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 30.000,00 kr., og ákærðu A, B, Sigurjón og D til þess in solidum að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 60.000,00 krónur.

Annan sakarkostnað ber að leggja á ríkissjóð að $\frac{1}{4}$ hluta, en að $\frac{3}{4}$ hlutum og in solidum á ákærðu A, B, Sigurjón og D.

D ó m s o r ð:

Ákærði C er sýkn af ákæru í máli þessu.

Ákærði A sæti fangelsi sex mánuði.

Ákærða B sæti fangelsi þrjá mánuði. Framkvæmd refsingar ber að fresta, og fellur refsing niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá refsingunni dragist níu daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærði Sigurjón Pétursson sæti fangelsi tvö ár. Frá refsingunni dragist níu daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærða D sæti fangelsi þrjá mánuði. Framkvæmd refsingar ber að fresta, og fellur refsing niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu A og D greiði Skeljungu hf. 6.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 29. febrúar 1988 til greiðsludags.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða C, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, skal greiða úr ríkissjóði.

Ákærðu A, B, Sigurjón og D greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 60.000,00 krónur í málsvarnarlaun.